

Skógarvörðurinn á Norðurlandi:

STARFSSKÝRSLA FYRIR ÁRIÐ 1917.

Stefán Kristjánsson.

Starfsskýrsla skógarvarðarins á Norðurlandi fyrir árið 1917.

S k ó g a r h ö g g :

Í Vaglaskógi hefir verið höggvið á árinu:

Eldiviður	2.396 hestburðir	
Bigðir f. f. ári	162 "	2.558 hestb.
Selt á árinu	<u>222 1/2 "</u>	
Eldiv. skógarvarðar	158 "	
Fleytt niður Fnjóská	2.000 "	
Leyft högg (eldiv.)	<u>131</u>	2.533 1/2 -
Fyrirliggjandi um áram.		<u>24 1/2 hestb.</u>

Af röftum hafa verið höggðir 238 og til voru frá í fyrra 150 raftar, gerir það til samans 388 rafta, sem allir hafa verið seldir á árinu, en ekkert af þesskonar til nú um áramótin. 2000 hestbuðum var fleytt niður Fnjóská, auk þeirra 300 hestburða, sem fluttir voru að ánni í fyrrasumar,

þeir 2000 hestburðir, sem fleytt var, voru höggðir í afd. II 1750 hestburðir af 14.2 ha. svæði, og var sá hluti skógarins allur grisjaður í sumar, að frá talinni hestagirðingunni. Í afd. IV. voru höggðir 250 hestburðir af 1.8 ha. svæði ofanvert við miðjan skóginn, sem meðfylgjandi uppdráttur sýnir.

G r æ ð i r e i t u r :

Afhent var úr reitnum:

Birki	1370 stk.
Reynir	371 -
Lerki	307 -
Fjallafura	36 -
Ribs	2 -
Samt.	<u>2086 stk.</u>

Þar af hafa 1120 plöntur verið afhentar án endurgjalds, en 966 seldar.

Í haust var ekki hægt að senda plöntur til Reykjavíkur eins og til var ætlast vegna þess að frost og snjóar komu í lok september mánaðar og þiðnaði jörð ekki eftir það.

Dreifplantað var:

Birki 3/o	5350 stk.
Reynir 3/o	2500 -
Lerki 2/o	1950 -
Samt.	<u>9800 -</u>

Af fræi var sáð 3 kg. reynifræ og 4 kg. birkifræ.

Gróðursetning:

Í skóginum hafa verið gróðursettar 3000 lerkaplöntur á Flatagerði og 180 fjallafuruplöntur á Dælarhúsum.

Ýmislegt:

♦♦-----

Í haust var safnað í skóginum 21 kg. af birkifræi.

Bálkar sem vigtaðir voru nýhöggirnir 24. maí og þá vigtuðu 100 kg., vigtuðu 80 kg. 28. sept., gráft hrís, sem 24 maí vigtaði nýhöggvið 100 kg. vigtaði 28. sept. 79 kg. og smærri hrís léttist á sama tíma úr 100 kg. niður í 76 kg.

Þetta árið var vöxtur í skóginum í tæpu meðallagi, en skógarmaðurinn, sem gerði vart við sig í fyrra, hefir aukist að nokkrum mun, þó gerði hann ekki tilfinnanlegan skaða að þessu sinni.

Vöglum 10. jan. 1918.

Stefán Kristjánsson.